

**Nd. 468. Frumvarp til laga**

um framkvæmdasjóð ríkisins.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins**. Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni, og skal þá fé sjóðsins sérstaklega varið til stofnunar nýrra framleiðslugreina, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlims, ræktunar og býlafjölgunar í sveitum landsins, byggingar verkamannabústaða, skipasmíði, byggingar verksmiðju til herzlu sildarlýsis o. fl., sem nauðsynlegt er til að auka öryggi atvinnulífsins og fullnægja þörfum landsmanna.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 8 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins  $\frac{3}{5}$  hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökkum ákvörðunum Alþingis.

4. gr.

Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.